

Nr. 088 / 16 Dagný ST 13***Vélarvana of dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 1149
Smíðaður: Vestmannaeyjum 1971, eik
Stærð: 14,3 brl. 22,3 bt.
Mesta lengd: 13,56 m Skráð lengd: 13,47 m
Breidd: 3,97 m Dýpt: 1,4 m
Vél: Scania, 134 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 2



Dagný©Sverrir Aðalsteinsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. september 2016 var Dagný ST 13 á siglingu á Húnaflóa. Veður: SSA 2,5 m/sek.

Skipstjóri hafði samband við Vaktstöð siglinga og óskaði eftir aðstoð þar sem báturinn væri vélarvana um 5 sml vestur af Skagastönd. Björgunarskipið Húnaþjörg dró hann til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var að koma úr slipp og verið að sigla honum til Drangsness;
- að útblástursventill brotnaði í strokkloki og skemmdi einn strokkinn í vélinni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.